
Persónuverndarstefna

Tilgangur og umfang

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn Íslands og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er rannsóknarbókasafn og þekkingarveita. Samkvæmt lögum nr. 142/2011 og reglugerð nr. 170/2014 ber safninu að annast alhliða upplýsinga- og þekkingarmiðlun, efla aðgang að erlendum gögnum í þágu vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs, að varðveita handritasöfn og einkaskjalasöfn og vinna að frekari söfnun og rannsóknum á samsvarandi efni á nýrri miðlum, að safna íslenskum gögnum með viðtöku skylduskila samkvæmt lögum nr. 20/2002 og reglugerð nr. 982/2003, svo og að afla erlendra gagna er varða íslensk málafni, skrá þau, veita aðgang að þeim og varðveita til framtíðar.

Safnið fylgir lögum og reglugerðum er varða starfsemi þess og einsetur sér að stofnunin njóti trausts. Meðferð safnsins á upplýsingum skal njóta trausts í þjóðfélaginu og upplýsingaöryggi vera til fyrirmyndar.

Persónuverndarstefna þessi nær til allrar starfsemi safnsins og starfsmanna þess og er í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Safnið hefur útnefnt sérstakan persónuverndarfulltrúa.

Ábyrgð

Landsbókavörður er ábyrgur fyrir öryggi upplýsinga og persónuupplýsinga. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á starfsmannagögnum. Sviðsstjórar bera ábyrgð á að starfsfólk og þjónustuaðilar fylgi stefnunni. Starfsfólki ber að fylgja persónuverndarstefnunni.

Hvaða persónuupplýsingum er safnað

Persónuupplýsingar um lánþega bókasafnsins, s.s. nafn, kennitala, símanúmer, netfang og heimilisfang. Þá safnast upplýsingar um útlánasögu lánþega.

Markmið

Meginmarkmið með stefnunni er að lágmarka vinnslu persónuupplýsinga og vernda upplýsingar og gögn gegn hættum, innan frá eða utan hvort sem er óviljandi eða vísitandi.

Þessu er framfylgt með því að:

- Safnið virðir persónuvernd og öryggi allra notenda og vinnur einungis með persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla lagaskyldu og lögmæta hagsmuni safnsins.
- Stefna safnsins varðandi persónuvernd er bindandi fyrir alla starfsmenn og nær til allra sem veita stofnuninni þjónustu.
- Safnið varðveitir persónuupplýsingar á öruggan hátt og í samræmi við gildandi lög og reglur og hefur gert tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að verja persónuupplýsingar gegn t.d. eyðingu eða óheimilum aðgangi. Upplýsingar eru varðveittar eins lengi og þörf er á vegna útlánþjónustu. Upplýsingar eru varðveittar á meðan samningssamband milli aðila er til staðar og lengur eftir því sem lög áskilja, s.s. ákvæði laga um opinber skjalasöfn.
- Safnið leggur áherslu á öryggisvitund starfsfólks og þjónustuaðila, tryggir fræðslu í samræmi við verkefni og ábyrgð.
- Safnið lætur ekki í té upplýsingar til þriðja aðila nema þjónustuaðila sem annast þjónustu fyrir safnið og þá einungis í þeim tilgangi að veita umrædda þjónustu.

- Safnið framkvæmir úttektir, áhættumat, greinir frávik og endurskoðar þessa stefnu, eins og tilefni er til.

Réttur til upplýsinga og aðgangs að persónuupplýsingum

Einstaklingar eiga rétt á að fá upplýsingar um og aðgang að eigin persónuupplýsingum sem safnið hefur með höndum og rétt á að óska eftir leiðréttingu, eyðingu eða takmörkun á vinnslu slíkra persónuupplýsinga eða andmæla slíkri vinnslu. Einnig eiga þeir rétt á að flytja eigin gögn sem safninu eru látin í té til annars ábyrgðaraðila. Framangreindum réttindum kunna þó að vera sett takmörk í gildandi lögum og reglum.

Einstaklingur á rétt á að leggja fram kvörtun hjá lögbæru eftirlitsyfirvaldi, þ.e. Persónuvernd, ef viðkomandi telur að safnið hafi ekki virt réttindi hans við meðferð á persónuupplýsingum.